

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Breyting á deiliskipulaginu Gljúfurárholt 13 og 14 í Ölfusi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 15. desember 2022, breytingu á deiliskipulaginu Gljúfurárholt 13 og 14 í Ölfusi. Skipulagið heimilar aukna útbyggingu í samræmi við ákvæði nýs aðalskipulags. Stærð byggingar á reit fyrir íbúðarhús var að hámarki 400 fermetrar en verður allt að 800 fermetrar. Einnig er hámarksstærð frístundahúss aukin úr 150 fermetrum í 200 fermetra og hámarksstærð bygginga til landbúnaðarnota aukin úr 800 fermetrum í 1.200 fermetra.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 13. mars 2023.

Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. mars 2023